



**Greinargerð með
fjárhagsáætlun Seyðisfjarðarkaupstaðar,
stofnana, fyrirtækja og sjóða hans
fyrir árið 2017,
þriggja ára áætlun fyrir árin 2018 - 2020
og 10 ára áætlun
Seinni umræða 14. desember 2016.**



Fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 hefur verið unnin af kjörnum fulltrúum og starfsmönnum kaupstaðarins. Unnið hefur verið á grundvelli ramma miðað við þriggja ára áætlunina fyrir árin 2017 til 2109. Við vinnslu áætlunarinnar hefur verið horft til viðmiðana um afkomu og fjárhagsstöðu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Eins og venja hefur verið undanfarin ár eru lagðar fram samhliða fjárhagsáætlun 2017 þriggja ára áætlun fyrir árin 2018 til 2020 og tíu ára áætlun sem sýnir viðmið við 2. tl. 2. mgr. 64 gr. sveitarstjórnarlaga, ásamt því að hún sýnir þróun efnahags til lengri tíma og almennt áhrif þeirra ákvarðana sem verða teknar um rekstur og efnahag til lengri tíma. Í meginatriðum er stefnt að því að reksturinn verði í jafnvægi og að halda áfram að lækka skuldir. Það er grunnur til að búa til svigrúm til framtíðaruppbyggingar. Áætlunin sýnir að framlegð rekstrar er ekki í samræmi við viðmið bæjarstjórnar en að veltufé frá rekstri í heild er innan viðmiða bæjarstjórnar um afkomu og fjárhagsstöðu kaupstaðarins. Þróun á kjaramarkaði ásamt annarri útgjaldaþróun ræður þar nokkru um.

Viðmiðanir um afkomu og fjárhagsstöðu Seyðisfjarðarkaupstaðar

1. Samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum.
2. Heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum.
3. Framlegð rekstrar (niðurstaða fyrir afskriftir og fjármagnsliði) sé á bilinu 16–21%.
4. Veltufé frá rekstri sé ekki lægri fjárhæð en sem nemur afborgunum og vöxtum af langtímalánum.

Tillagan að fjárhagsáætlun 2017 hefur breyst nokkuð frá því eins og hún lá fyrir við fyrri umræðu í bæjarstjórn 16. nóvember s.l. Við fyrri umræðu var gert ráð fyrir að niðurstaða í A-hluta yrði neikvæð um 8 milljónir króna. Nú er reiknað með að niðurstaðan verði neikvæð sem nemur 23,3 milljónum króna. Í tillögunni að fjárhagsáætluninni við fyrri umræðu gert ráð fyrir að niðurstaða A- og B-hluta eftir fjármagnsliði væri jákvæð um 14,8 milljónir króna. Eftir breytingar á tillögunni er gert ráð fyrir að jákvæð afkoma samstæðunnar nemi 5,7 milljónum króna.

Tekjur


Breytingar á tekjum í fjárhagsáætluninni frá fyrri umræðu, eru að gert er ráð fyrir að aðrar tekjur en skatttekjur og framlög jöfnunarsjóðs hækki um 8,2 milljónir króna. Gert er ráð fyrir að heildartekjur A-hluta nemi 707,6 milljónum króna og að tekjur samstæðunnar nemi 895,6 milljónum króna. Gert er ráð fyrir að skatttekjur verði 420,1 milljónir króna. Framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga nemi 115,3 milljónum króna.



Mynd 1




Mynd 2






Mynd 3



Mynd 4





Málaflokkar og A-hluta sjóðir

Helstu breytingar í málaflokkum frá fyrri umræðu eru: Útgjöld vegna fræðslumála hækka um 10,1 milljón króna. Útgjaldaauki til fræðslumála liggur aðallega í hækkun fjárheimilda vegna launaliðar, en milli umræðna voru undirritaðir kjarasamningar við Kennarasamband Íslands og reyndust hækkanir vegna þeirra nokkuð umfram launavísitölu sem notuð var við fyrri umræðu. Þá hafa fyrir seinni umræðu verið fært inn fyrir hækkun mótframlaga í lífeyrissjóði sem allt útlit er fyrir að gangi eftir. Einnig voru samþykktir einskiptisliðir til fræðslumála vegna vöru- og þjónustukaupa fyrir um það bil 2,5 milljónir króna. Útgjöld til félagsmála hækka um 2,8 milljónir króna. Aðallega þar sem útsvarstekjur vegna málfefna fatlaðra færast yfir í málaflokk skatttekna. Þá er nú gert ráð fyrir breytingu á framkvæmd húsnæðisbóta auk nokkurra minni breytinga annarra. Menningarmál hækka um 6,3 milljónir króna. Aðallega vegna hækkunar fjárheimilda til rekstur félagsheimilis. Íþrótt- og æskulýðsmál hækka um 1,8 milljónir króna. Útgjöld vegna umhverfismála hækka um 3,4 milljónir króna vegna sameiningar tekna af innri viðskiptum samstæðurnnar. Fjármagnsliðir lækka um 5 milljónir króna þar sem gert er ráð fyrir tekjum af eignarhlutum sem ekki var gert ráð fyrir við fyrri umræðu.

Framlegð og sjóðstreymi

Framlegð eða EBIDTA af A hluta verður jákvæð um 0,76%, samanborið við 9,00 í áætlun fyrir árið 2016. Í ársreikningi fyrir árið 2015 var EBITA fyrir A-hluta 4,62%. Framlegð A- og B-hluta er í fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 11,43% samanborið við 19,98% fyrir árið 2016. Samkvæmt ársreikningi 2015 var framlegð samstæðunnar 18,54%. Veltufé frá rekstri er jákvætt í A-hluta um 41,8 milljónir króna samanborið við 52,6 milljónir króna í áætlun fyrir árið 2016 og í A- og B-hluta er veltufé jákvætt um 117,8,6 milljónir króna samanborið við 140,6 milljónir króna í fjárhagsáætlun fyrir árið 2016. Veltufjárhlutfall verður 1,24. Afborganir langtímalána nema um 96,2 milljónum króna. Fjárfestingahreyfingar eru áætlaðar 55,8 milljón króna.

Aðrir sjóðir í A-hluta.

Fremur óverulegar breytingar hafa orðið á niðurstöðu í Eignasjóði og Þjónustustöð frá fyrri umræðu. Tekjur og útgjöld þjónustustöðvar hafa breyst en niðurstaða rekstrar ekki.

B-hluti.

Þær breytingar hafa orðið á tillögunni að fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 fyrir B-hluta milli umræðna að gert er ráð fyrir að afkoma hafnarsjóðs verði jákvæðari sem nemur 5 milljónum króna. Afkoma vatnsveitu verði 1,1 milljónum króna jákvæðari en í tillögunni við fyrri umræðu. Aðrir sjóðir B- hluta breytast ekki.

Breytingar á framkvæmda- og fjárfestingaáætlun 2016.

Framkvæmdaáætlun er nokkuð breytt frá fyrri umræðu. Gert er ráð fyrir aukinni fjárfestingu í eignasjóði sem nemur 6 milljónum króna og á vegum fráveitu sem nemur 2,8 milljónum króna.



Fjármögnun

Eins og kom fram við fyrri umræðu er gert ráð fyrir að framkvæmdir verði fjármagnaðar með handbæru fé.

Þriggja ára áætlun 2017 til 2019

Þriggja ára áætlun 2018 til 2020 tekur breytingum vegna framangreindra breytinga. Á það við bæði hvað rekstur og efnahag. Í henni er ekki reiknað með öðrum breytingum á starfsemi eða þjónustu kaupstaðarins en þær sem þegar eru fyrirséðar eða hafa verið ákveðnar..

Tíu ára áætlun

Með sama hætti og varðandi þriggja ára áætlunina tekur 10 ára áætlunin breytingum í samræmi við uppfærslu áætlunarinnar.

Samantekt fyrir 2017

Í fjárhagsáætlun ársins 2017 er gert ráð fyrir neikvæðri afkomi í A- hluta en jákvæðri afkomu af samstæðunni þ.e samantekntum A og B hluta eða rekstir kaupstaðarins í heild. Til að áætlunin gangi eftir skiptir miklu máli að forsendur breytist ekki verulega og að vel takist með með kostnaðaraðhald. Útkoman verður að hluta háð þróun verðlags. Neikvæð þróun framlegðar í A-hluta samstæðunnar krefst þess að gefinn verði sérstakur gaumur að rekstri málaflokka og sjóða hans. Nýgerðir kjarasamningar setja mark sitt á niðurstöðuna. Hafa ber í huga að svigrúm til að mæta framúrkeyrslum verður mjög takmarkað. Það er því nauðsynlegt að kjörnir fulltrúar og forstöðumenn sýni aðhald og grípi til aðgerða til að koma í veg fyrir útgjöld umfram fjárheimildir. Ber í því sambandi að leggja sérstaka áherslu á launakostnað. Með hliðsjón af fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 er nauðsynlegt að leita leiða til að bæta fjármunamyndun af reglulegri starfsemi í A-hluta til lengir tíma og að fylgja viðmiðum um afkomu og fjárhagsstöðu til að fylgja eftir nauðsynlegum árangri sem náðst hefur með fjárhagsstöðu kaupstaðarins. Það er því mikilvægt að við vinnslu ramma fyrir fjárheimildir 2018 í byrjun árs 2017 verði unnar tillögur til á ná betra jafnvægi í rekstur A-hluta á komandi árum.

Fjárhagsáætlun Seyðisfjarðarkaupstaðar fyrir; árið 2017, þriggja ára áætlun fyrir árin 2018 til 2020 og 10 ára áætlun eru hér lagðar fram til síðari umræðu.

14. desember 2016

Vilhjálmur Jónsson
Bæjarstjóri Seyðisfjarðarkaupstaðar